

Til nefndarsviðs Alþingis

Bann við hvalveiðum

99. mál, lagafrumvarp
154. löggjafarþing 2023–2024.

Umsögn við 99. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum

Við undirrituð mælum eindregið með samþykki þessa frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum í heild sinni.

Greinargerð

Lög um velferð dýra eru lágmarks reglur í samfélagi manna um hegðun okkar gagnvart öðrum dýrategundum. Þau eru eina björgin sem dýr eiga sér í réttarríki manna. Lögin skapa dýrum réttindi í ljósi þess að þau eru skyni gæddar verur. Réttindi sem fólki ber að virða. Lögin greina frá því hvernig skal staðið að aflifun dýra. Þau innihalda ákvæði sem hvalveiðar geta ekki uppfyllt. Þrátt fyrir kjöraðstæður við veiðar er ekki hægt að tryggja skjóta, örugga og sársaukalaus aflifun. Þetta hefur nú verið staðfest með eftirliti sem haft var með veiðunum. Einnig gaf Fagráð um velferð dýra sitt faglega álit á veiðunum. Niðurstaða fagráðs var afdráttarlaus: Veiðiaðferð sem notuð er við hvalveiðar samræmist ekki ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Dýralæknafélag Íslands gaf út yfirlýsingu í vor í kjölfar útgáfu skýrslu Matvælastofnunar um velferð hvala við veiðar á langreyðum við Ísland 2022. Fagfélagið kallaði eftir því að veiðarnar yrðu stöðvaðar strax í ljósi þess að aflifunaraðferðir brutu gegnmeginmarkmiðum laga um velferð dýra.

Við undirrituð styðja að frumvarp þetta verði að lögum. Frumvarpið er vel unnið og rökstutt. Óásættanleg meðferð hvala við veiðar eins og lýst er í frumvarpinu er aldrei réttlætanleg. Íslenskum stjórnvöldum ber að stöðva slíkar pyntingar á skyni gæddum verum. Velferð dýra ætti að vera Íslendingum mikilvæg. Meðferð á málum sem því koma við verða að vera í samræmi við siðferðisvitund samfélags þess tíma. Að banna hvalveiðar er að okkar mati veigamikil og tímabært framfaraskref fyrir íslenska samfélagið, náttúru og dýralíf á og við Íslandsstrendur.

Þar af leiðandi förum við á leit við stjórnvöld á Íslandi að þau banni hvalveiðar hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

Meike E. Witt, Ralf Duerholt, Anna-Lovisa Duerholt, Benedikt Júlíus Duerholt